

Nd.

75. Nefndarótt

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 27, 4. júní 1924 [Friðun rjúpna].

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Breyting sú, er frv. þetta fer fram á, að gerð verði á ofanefndum lögum, er að eins að lengja ofurlítið hinn árlega friðunartíma rjúpna, og er fram komin fyrir óskir þingmálafunda í góðum veiðihjeruðum, Borgarfjarðar- og Mýrasýslum.

Meiri hluti nefndarinnar getur fallist á þessa breytingu, og ræður því háttv. deild til þess að gera frv. að lögum.

Alþingi, 21. febrúar 1925.

Pjetur Þórðarson,
form., frsm.

Hákon J. Kristófersson.

Magnús Torfason.